

Íslensk nútímamálsorðabók, nóvember 2020

Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir
ritstjórar

Gagnategund í stafrófsröð og lýsing

DÆMI notkunardæmi búið til af ritstjórn ('*hann leitaði í skápnum án árangurs,*' í flettunni *árangur*).

FALLSTJ fallstjórn sagnar (so. '*auðveldi*' hefur t.d. fallstjórnina (*þágufall* +) *þolfall*)

FALLSTJ-FS fallstjórn forsetningar. Gildin eru *þolfall*, *þágufall* og *eignarfall*. (Dæmi: flettan '*á milli*' stýrir *eignarfalli*; flettan '*með*' stýrir *þágufalli*).

FORM notað þegar taka þarf fram málfræðilegt form flettunar ('*hallast*' v. hefur form *mm* (*miðmynd*); '*hakkaður*' adj hefur form lh þt (*lýsingarháttur þátíðar*)). Möguleg gildi eru: lh nt, lh þt, mm, mst, est, fleirtala, þolfall, þágufall, eignarfall, karlkyn, hvorugkyn, kvenkyn, hvorugkyn fleirtala, kvenkyn fleirtala, karlkyn fleirtala, óbeygjanlegt. Tegundin FORM er mest notuð í sögnum og fornöfnum.

FRUMLAG frumlag sagnar ef ekki sjálfgefið nefnifall ('*mig vantar,*' frumlag merkt sem *þolfall*). Möguleg gildi eru *þolfall*, *þágufall*, *eignarfall*, *það* (sbr. '*það rökkvar*').

HLUTAR orðhlutaskil í samsettum orðum, eingöngu meginartilvik (sætabrauðs-drengur).

ISL-TEXTI texti sem er sýnilegur notandanum, einkum þegar leyst er upp úr skammstöfun (t.d. = *til dæmis*).

LATINA latneskt heiti plöntu- eða dýrategundar (*útselur* heitir á latínu '*Halichoerus grypus*').

LIÐUR merkingarliður þegar orðið hefur fleiri en eina merkingu (gildi 1, 2, 3 ...).

NOTKUN upplýsingar um málsnið eða málfræði (t.d. '*skáldamál*', '*óformlegt*', '*einkum í fleirtölu*', '*oftast með greini*' ...). Mörg fleiri gildi geta verið hér.

OSAMB orðasamband (myndhverft) eða orðtak ('*leggja upp laupana*', '*fyrir <hans> dag*')

OSTÆÐA orðastæða ('*gera <honum> grikk*', '*breiður sérhljóði*')

SKÝRING orðskýring (t.d. í flettunni *sætaröð*: '*röð sæta*, t.d. í *leikhúsi*, *bíó* eða *flugvél*)

SOHAUS fyrrisögn í stórrí sögn, gegnir svipuðu hlutverki og LIÐUR ('*grípa* + *í*', '*grípa* + *niður*', '*grípa* + *til*')

SOSTÆÐA orðastæða sagnar ('*það sumrar*', '*laga sig að <breytingunum>*')

SVIÐ fagsvið sem orðið tilheyrir (*jarðfræði*, *efnafræði*, *læknisfræði*). Ýmis önnur gildi

eru hér möguleg.

VÍSUN millivísun innan orðabókarinnar (sem tengill)

Z-HESTUR birtir táknmynd af hesti ('*ganghreinn*', '*skjóttur*')

Z-PERSÓNA birtir táknmynd af manni ('*fiskisæll*', '*frosinn*'). Einkum notað þegar bara annar (einn) merkingarliðurinn á við manneskju.

Z-LO nafnorð sem lýsingarorðsfletta stendur venjulega með (flettan *grófmalaður* hefur 'Z-LO *kaffi*; *korn*')